



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu skólastjóra Ölduselsskóla

Starf skólastjóra Ölduselsskóla var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 4. apríl 2020 í samræmi við 14.1. gr., um réttindi og skyldur starfsmanna og lífeyrissjóðsaðild, í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og KÍ vegna SÍ. Umsóknarfrestur var til og 18. apríl sl. Ráðið er í skólastjórastöðuna frá og með 1. ágúst 2020.

Í auglýsingu var meginhlutverki skólastjóra í Ölduselsskóla lýst þannig:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 „Látum draumana rætast“.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í auglýsingu kom einnig fram að leitað væri að einstaklingi sem byggi yfir leiðtogaþæfileikum, hefði víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn. Jafnframt var óskað eftir að umsækjendur skilufu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í skólanum með umsókninni.

Fimm sóttu um skólastjórastöðuna. Tveir umsækjendur drógu umsókn sína til baka. Umsækjendur voru Elínrós Benediktsdóttir, Íris Anna Steinarsdóttir og Þórdís Sævarsdóttir. Við val á hæfasta umsækjandanum var byggt á kröfum sem komu fram í auglýsingu og í

viðmiðum skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík sem tók gildi 1. júní 2015.

Niðurstaða:

Á fundi fagstjóra grunnskóla á skóla- og frístundadeild Breiðholts, sviðsstjóra og mannauðsstjóra sem haldinn var 4. maí 2020 gerði fagstjóri grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymisins.

Við mat á umsóknum, ráðningarviðtali og umsögnum er niðurstaðan að Elínrós Benediktsdóttir er hæfasti umsækjandinn til að gegna stöðu skólastjóra við Ölduselsskóla.

Elínrós lauk B.Ed. í grunnskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 2001, meistaranámi frá Háskóla Íslands 2016 í mannauðsstjórnun.

Hún hefur starfað sem grunnskólakennari í 16 ár, sem aðstoðarskólastjóri í 1 ár og sem skólastjóri í 1 ár.

Ákvörðun sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er að ráða Elínrós Benediktsdóttur skólastjóra við Ölduselsskóla frá 1. ágúst 2020.